

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!**

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta. Mig langar þó að benda áhugasömum á heimsíðu skólans og ársskýrslurnar sem þar er að finna.

**Skólinn var settur 23. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 15. maí. Við upphaf haustannar voru skráðir 127 nemendur í skólanum, 76 stúlkur og 51 piltur. 55 nemendur hóf nám í fyrsta bekk, 30 í öðrum bekk og 42 í þriðja bekk. Á þessu vori gengust 128 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 43 stúdentar. 24 af félags- og hugvísindabraut og 19 af náttúruvísindabraut.**

Nýnemavikan einkenndist líkt og áður af gleði. Vikunni lauk með litskrúðugri gleðigöngu og skírn fyrstu bekkinga inn í skólasamfélagið.

Einn góðviðrisdag í byrjun september hélt allur skólinn af stað í fjallgöngu, eins hefð er fyrir. Gengið var á Laugarvatnsfjall eftir stikaðri braut Lionsmanna.

Kynningardagur ML var haldinn hátíðlegur þann 26. október. Þá heimsóttu okkur grunnskólanemendur víðsvegar af Suðurlandi. Dagkránni lauk með söngkeppni Blítt og létt þar sem Gunnar Tómasson og félagar báru sigur úr bítum.

Farið var í fjölmargar vettvangs- og skoðunarferðir. Má þar nefna Njáluferð, Parísarferð, menningar- og fræðsluferðir á höfuðborgarsvæðið þar sem Kjarvalsstaðir, Þjóðminjasafnið, Þjóðleikhúsið, Kvikmyndasafn Íslands og fleiri markverðir staðir voru heimsóttir. 2F fór í Háskóla Íslands á Þjóðarspegilinn sem er opin ráðstefna í félagsvísindum. Þriðja árs nemar í valáfanganum „Upplifðu Suðurland“ tóku þátt í stórri ferðakaupstefnu í Kórnum í Kópavogi. 2N kynnti sér Flugstjórnarmiðstöðina og stoðtækjafyrirtækið Össur á meðan 2F heimsótti Alþingishúsið og Guðna forseta á Bessastöðum. Það verður spennandi að sjá hver mun þar taka á móti næsta hóp að ári.

Val í útivist á sinn sess í skólastarfinu. Farið var í ýmsar útivistarferðir og má þar nefna skíðaferð í Skagafjörð á skíðasvæði Tindastóls.

ML er skóli í stöðugri þróun. Frá og með síðasta hausti geta nemendur nú valið körfuboltaáfanga sem hluta af sínu námi. Þessi nýjung varð að veruleika í góðu samstarfi við Ungmennafélag Laugdæla og næsta haust er ætlunin að útvíkka það enn frekar.

Stjórnarskipti í nemendafélaginu Mími fóru fram í byrjun febrúar og er nýr stallari Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir frá Lambhaga í Rangárþingi ytra.

Leikritið Adrenalín var frumsýnt 7. mars. Höfundar voru Þórkatla Loftsdóttir og Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir, nemendur í öðrum bekk. Haldnar voru fjórar sýningar í Aratungu fyrir fullu húsi.

Nemendur gerður sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Dagskráin var fjölbreytt; ýmsir fyrirlestrar, Zumba, klifur, lagasmíði og hrútaþukl. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var haldin með glæsibrag í matsal skólans þann 15. mars. Hljómsveitin Næsland lék fyrir dansi í N-stofu.

Áfram er meirihluti nemenda í kórnum, eða um 84% nemenda. Í nóvember lagði kórinn land undir fót, heimsótti kór Menntaskólans við Hamrahlíð og hélt með þeim tónleika í hátíðarsal MH. Jólatónleikar voru á sínum stað í Skálholti og einnig núna í vor. Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir, sem stýrir honum af stakri þryði.

Á skólaárinu var tekin í notkun ný kennslustofa í rými sem áður var kallað Brytaíbúð. Stofan er hönnuð fyrir margs konar list- og verkgreinar, svo sem myndlist, lagasmíðar og hljóðupptökur.

ML hefur formlega hlotið nafnbótina UNESCO-skóli. Í því felst að ML mun í samstarfi við UNESCO vekja athygli nemenda á starfi Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum þeirra.

Á vorönn var skólinn tvisvar sinnum með opið hús. Annars vegar í mars þar sem 10. bekkingar og forráðamenn þeirra voru sérstaklega boðnir velkomnir. Opna húsið var vel sótt. Ætla má að gestir hafi verið að minnsta kosti eitthundrað. Hins vegar voru dyr skólans opnaðar nú á námsmatstímanum þegar þriðja árs nemar kynntu lokaverkefni sín í sérstökum lokaverkefnisáfangum. Einnig voru til sýnis verk nemenda unnin bæði í myndlist og fatasamum.

Dimissio hafði sinn stað 3. maí og mátti þá sjá fígúruna Gretti glaðbeittan á vappi um þorpið í þægilegu vorveðri.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 32, þar af 17 við kennslu og stjórnun.**

Fyrsti mars var Starfsþróunardagur framhaldsskólanna. Þá buðu framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu starfsfólki annarra framhaldsskóla í heimsókn. Boðið var upp

á fyrirlestra, málstofur og skoðunarferðir um byggingar. Góður hópur frá ML tók þátt og dreifðist hann á mismunandi skóla, allt eftir starfi viðkomandi. Dagurinn var vel heppnaður; nýjar hugmyndir fæddust í samtali við kollegana og alltaf sér maður eitthvað sniðugt í öðrum skólum sem gæti nýst okkur.

Að áeggjan Elínar Unu íslenskukennara hefur nú verið hafist handa við að koma upp víkingabúningum, sverðum og skjöldum sem hægt verður að nýta í Njáluferðum, annarri kennslu og fleiru. Andrés Pálmason hefur smíðað á fjórða tug sverða og skilda og Jórunn fatasaumskennari sniðið fjölmarga kyrtla og svuntur úr dásamlegum gömlum gardínum sem Erla húsfreyja gróf upp. Nokkrir úr starfsliðinu hafa sest við saumavélina og saumað nokkra kyrtla saman. Þessi samvinna mun svo halda áfram næsta vetur.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

### **Ágætu verðandi nýstúdentar!**

Hér eru þið komin og hafið náð því markmiði sem þið settuð ykkur fyrir þremur árum. Reynslan og lærdómurinn sem þið hafið öðlast á leiðinni er gott veganesti fyrir nýju markmiðin sem fram undan eru. Lífið er vissulega núna, en kannski verður það enn betra á morgun ef við skipuleggjum smá, stöldrum við og náum áttum ... alveg eins og Parísardömunar og Gríma kennari þeirra þurftu að gera til að rata í kirkjugarði í París. Munið að vera þið sjálf og ekki hika við að láta drauma ykkar rætast. Þið skulið ávallt hlúa vel að heilsunni því hún er grunnurinn að öllu öðru.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir, áfangastjóri